

Vestmannaeyjabær
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Tangagötu 1
900 Vestmannaeyjar

Reykjavík 12. apríl 2018
UST201803-001/K.S.J.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Vestmannaeyjabæjar 2015 - 2035

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa er barst 1. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Vestmannaeyjabæjar 2015 – 2035. Umhverfisstofnun minnir á fyrri umsögn sem er dagsett 14. ágúst 2017 sem var veitt þegar tillagan var á vinnslustigi. Umhverfisstofnun telur þá umsögn í fullu gildi en vill bæta við eftirfarandi:

Náttúruminjar

Á náttúruverndaráætlun 2004 – 2008 er lögð til friðun á búsvæðum fugla í Vestmannaeyjum. Í áætluninni er lagt til að Vestmannaeyjar verði verndaðar í heild ásamt tveggja kílómetra svæði umhverfis eyjarnar, nema Heimaey en þar er lagt til að verndunin nái eingöngu til Ystakletts og Heimakletts. Í áætluninni kemur fram að í Vestmannaeyjum verpa um 40% íslenska lundastofnsins, 35% súlustofnsins og þar verpa einnig tegundir sjófugla sem vart finnast annars staðar á landinu, þ.e. skrofa, sjósvala og stormsvala. Lagt er til að fuglabjörg og eyjar verði friðlýst sem búsvæði fugla, en innan verndarsvæðisins verpa yfir milljón pör sjófugla og í Vestmannaeyjum er stærsta sjósvölubýggð í Evrópu. Einnig kemur fram í áætluninni að á Heimaey er stórfenglegt landslag og fræðandi um myndun og mótun lands með fjölskrúðugt fuglalíf og að forsendur fyrir verndun eru eftirfarandi: Vestmannaeyjar eru alþjóðlega mikilvægar vegna sjófuglabýggða með yfir milljón pör sjófugla. Stærsta sjósvölubýggð í Evrópu er í eyjunum og þar er eini varpstaður skrofu á Íslandi. Nær allar íslenskar stormsvölur eru á svæðinu og yfir þriðjungur lundastofnsins verpir þar. Í Vestmannaeyjum er stærsta sjósvölubýggð í Evrópu, einu varpstöðvar skrofu og yfir þriðjungur íslenska lundastofnsins verpir þar.

Heimaklettur, Háin og nálæg fjöll hafa verið í friðlýsingarferli vegna verndunar búsvæða fugla. Í aðalskipulagstillögunni er ítrekað fjallað um það að unnið sé að friðlýsingu sem næði yfir Ystaklett, Heimaklett, Háina og Klifið auk allra úteyja og skerja. Umhverfisstofnun bendir á að undirbúningur fyrir friðlýsingu var langt kominn, en nú

hefur bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar samþykkt á fundi í desember sl. að falla frá áformum um friðlýsingu búsvæða sjófugla í Vestmannaeyjum. Ástæðan er sú að bæjarstjórn telur að liggja þurfi fyrir skýr réttur sveitarfélagsins til að segja sig einhliða frá slíkri friðlýsingu. Að mati Umhverfisstofnunar þarf þessi ákvörðun sveitastjórnar Vestmannabæjar og ástæður hennar, að koma fram í aðalskipulagstillögunni.

Stórskipahöfn


Í greinargerð er í samantekt farið yfir niðurstöðu matsvinnu og þar kemur fram að áform um stórskipahöfn með aðstöðu til að taka á móti stórum skemmtiferðaskipum sé líkleg til að hafa áhrif á þölmörk Vestmannaeyja sem ferðamannastaðar og einnig kemur fram að með stefnu um stórskipahöfn við Eiðið og afþreyingar- og ferðamannasvæði í Klettsvík séu greind neikvæð áhrif á svæði í friðlýsingaferli.

Einnig kemur fram að brugðist er við því í rammahluta aðalskipulags um ferðaþjónustu og með áformum um að setja hámark á fjölda gesta sem geta komið á einum degi með skemmtiferðaskipum.

Umhverfisstofnun ítrekar það sem fram kom í fyrri umsögn en þar tekur stofnunin undir að huga þurfi að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðaþjónustu. Umhverfisstofnun ítrekar einnig mikilvægi þess að umhverfisáhrif verði skoðuð vel, og bendir á að þegar sveitarfélagið leggur áherslu á fleiri ferðamenn, að framkvæmdirnar rýri ekki þær náttúruminjar sem eru aðdráttarafli fyrir væntanlega gesti.

Strönd, vötn, ár og sjór

Umhverfisstofnun tekur undir umfjöllun um stendur við Vestmannaeyjar og lista yfir markmið og verkefni. Umhverfisstofnun ítrekar um leið mikilvægi þess að öll markmið varðandi fráveitu í aðalskipulagstillögu séu tímasett.



Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri

Virðingarfyllst



Rakei Kristjánsdóttir
Sérfræðingur